RÍKISSAKSÓKNARI

AFRIT LJÓSRIT

BH/se

M. 122/94

RLR mál nr. 337/94

Reykjavík, 11. febrúar 1994.

Alþingi
Erindi nr. Þ 116 /1697
komudagur 2 /5 1994

Hér með endursendist rannsóknarlögreglu ríkisins kærubréf Gunnars Friðjónssonar, kt. 110637-3819, á hendur Margeiri Margeirssyni, kt. 280547-4419, fyrir ætlað brot gegn 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Mál þetta er um margt ólíkt RLR máli nr. 4625/93, sem fjallaði um spilakassarekstur Rauða kross Íslands og hefur þegar verið rannsakað.

Mælt er fyrir um opinbera rannsókn á ofangreindu máli, hvaða leyfi kærði Margeir hefur til reksturs spilakassa, á hvað lagaheimild slíkt leyfi byggist, hugsanleg áfengislagabrot og annað verði rannsakað eftir sem efni þykja til.

Málið óskast síðan sent embætti ríkissaksóknara.

F.h.r.
B.H.

Rannsókn ólokið skv. uppl. rannsóknarlögrelj. B.N. 2/5 '94.

Rannsóknarlögregla ríkisins.

B.t. Jóns H. Snorrasonar.

RLR

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
Auðbrekka 6 • Pósthólf 280 • 202 Kópavogur
Sími (91)-44000 • Telefax (91)-43865 • Telex 3139 RLR POL IS

RÍKISSAKSÓKNARI
Málaskrá, nr. 122/94

Kópavogi, 21. janúar 1994
JHS/þs

LJÓSRIT

RLR mál nr. 337/94

Hér með sendist yður, herra ríkissaksóknari, kærubréf Gunnars Friðjónssonar, kt. 110637-3819, á hendur Margeiri Margeirssyni, kt. 280547-4419, fyrir ætlað brot gegn 183. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Kæran er send yður til þóknanlegrar fyrirsagnar, án þess að rannsókn hafi farið fram, en hjá embætti yðar er nú til meðferðar kærumál sem sent var með bréfi RLR dagsett 31. desember s.l., og varðar ætlað brot forsvarsmanna Rauðakross Íslands og bifreiðastöðvar Íslands gegn 183. gr. og 184. gr. alm. hgl., vegna svipaðrar starfsemi og kært er út af nú.

Virðingarfyllst

Til ríkissaksóknara.

25/1 '94

LJÓSRIT

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

	Dagsetning	Tilvísun
Ríkissaksóknari	28. febrúar 1994	ÓWS/- 343.3

RÍKISSAKSÓKNARI
Málsnr. 1826/93

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra ríkissaksóknari, dags. 11. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins vegna rannsóknar á rekstri svokallaðra spilakassa Rauða kross Íslands.

Eins og fram kemur í gögnum málsins hefur Rauði kross Íslands með heimild ráðuneytisins starfrækt söfnunarkassa/-spilakassa/spilavélar í rúma tvo áratugi. Var fyrsta heimild til þessa gefin út 23. júní 1972. Hafa síðan verið gefnar út nýjar heimildir þegar teknar hafa verið í notkun nýjar myntstærðir eða ný tæki, svo og vegna aðila sem komið hafa að þessum rekstri í samvinnu við Rauða krossinn.

Til frekari upplýsinga um þróun þessarar starfsemi sendir ráðuneytið hér með greinargerð, dags. 15. október sl., um happdrættis- og spilakassamál sem dómsmálaráðherra lagði fram í ríkisstjórn. Af fylgiskjölum greinargerðarinnar fylgja tvö bréf RKÍ og samstarfsaðila, merkt 1 og 2, svo og minnisblað um "spilavélar", dags. 17. maí 1972, merkt 14. Önnur fylgiskjöl tengjast ekki starfsemi RKÍ.

Í greinargerð dómsmálaráðherra sem vísað er til og í greinargerð Tryggva Gunnarssonar hrl., sem hann ritaði fyrir Rauða krossinn og samstarfsaðila hans og er meðal málsskjala, svo og í opinberri umræðu, einkum í októbermánuði sl., kom fram að lagagrundvöllur fyrir rekstri söfnunar-/spilakassa RKÍ og samstarfsaðila hans var ekki talinn traustur. Af því tilefni hét dómsmálaráðherra því að beita sér fyrir því að lagaleg staða fyrir rekstri söfnunarkassa RKÍ og samstarfsaðila hans yrði tryggð. Frumvarp til laga um söfnunarkassa hefur því verið samið á vegum ráðuneytisins og lagt fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp. Fylgir eintak þessa frumvarps hér með og er vísað til almennra athugasemda með því.

Gögn málsins sem fylgdu bréfi yðar endursendast.

F. h. r.

1/3 '94

Aðsetur og póstfang: Arnarhvoli 150 Reykjavík
Sími: (91) 609010
Telefax: (91) 27340
Telex: 2224 isdom is
Kennitala: 500169-7619

RÍKISSAKSÓKNARI

AFRIT

LJÓSRIT

BH/se
M. 1836/93

Reykjavík, 11. febrúar 1994.

Ríkissaksóknara hafa borist kærur tveggja aðila, vegna reksturs Rauða kross Íslands á svokölluðum spilakössum og telja þeir að rekstur þessi brjóti í bága við 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Mál þetta hefur verið til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og hefur m.a. komið fram að Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur allt frá árinu 1972 veitt Rauða krossinum leyfi til reksturs nefndra spilakassa.

Hér með sendast gögn málsins og er þess óskað að hið háa ráðuneyti láti í té umsögn sína, einkum um það á hvaða lagagrundvelli umrædd leyfisveiting byggir.

Þess er óskað að gögn málsins verði endursend embætti ríkissaksóknara með umsögn ráðuneytisins.

F.h.r.
B.H.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Arnarhváli,
Reykjavík.

RLR

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS
Auðbrekka 6 • Pósthólf 280 • 202 Kópavogur
Sími (91)-44000 • Telefax (91)-43865 • Telex 3139 RLR POL IS

LJÓSRIT

RÍKISSAKSÓKNARI
Málaskrá, nr. 1836/93

Kópavogi, 31. desember 1993.

Hér með sendast yður til þóknanlegrar ákvörðunar, herra ríkissaksóknari, gögn varðandi rannsókn peningaspilastarfsemi sem rekin er á vegum Rauðakross Íslands og Bifreiðastöðvar Íslands Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík.

Rannsókn málsins beindist að ætluðum brotum gegn 183. gr. og 184. gr. alm. hgl., nr. 19, 1940. Undir rannsókn málsins fengu eftirtaldir réttarstöðu grunaðra, Guðjón Magnússon, kt. 040844-2289, formaður Rauðarkross Íslands og Gunnar Sveinsson, kt. 211149-4859, framkvæmdastjóri hjá Bifreiðastöð Íslands.

Til Ríkissaksóknara

31.12.93